

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. mars 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Halldór Eiríksson.

REGLUGERÐ

um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.

1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu skal aðeins heimilt að veita þeim skipum leyfi til síldveiða, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni innan fiskveiðilögsögu Íslands, fellur jafnframt úr gildi leyfi þess til síldveiða samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Umsóknarfrestur um leyfi til síldveiða er til 10. apríl 1997 en heimilt er að hefja síldveiðar 3. maí 1997.

3. gr.

Leyfi til veiða samkvæmt þessari málsgrein tekur til veiða á síld í lögsögu Íslands, Færeyja, Jan Mayen og á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands og Noregs. Þá er heimilt að veiða allt að 10 þús. lestir af síld innan lögsögu Noregs.

Aðeins er heimilt að stunda síldveiðar með nót í lögsögu Færeyja. Nánari reglur um veiðar í lögsögu Færeyja, Jan Mayen og Noregs verða í leyfisbréfum.

4. gr.

Á árinu 1997 skal þeim skipum, er leyfi hljóta til síldveiða samkvæmt 1. gr., heimilt að veiða 233 þúsund lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þegar Fiskistofa áætlar að leyfilegt heildarveiðimagn sé að nást fellir hún öll leyfi til síldveiða úr gildi með tilkynningu í útvarpi eða til strandstöðva. Veiðar eftir að leyfi eru felld úr gildi varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 7. gr. reglugerðar þessarar auk upptöku andvirðis ólögmeats afla samkvæmt lögum nr. 37/1992.

5. gr.

Ávallt er skipstjórum síldarskipa skylt að tilkynna til Fiskistofu með skeyti eða símbréfi um áætlað aflamagn um leið og skip heldur til lands með síldarafla og ennfremur um löndunarstað, hvenær skipið kemur að landi og hvar aflinn er fenginn (reitur og undirreitur).

Þá skal skipstjóri kl. 8-10 að morgni tilkynna til Fiskistofu um eftirfarandi atriði:

1. Staðsetningu skips og komi þar fram, hvort skipið er á leið á miðin eða í höfn eða sé á miðunum.
2. Aflamagn um borð sé skip á landleið eða á miðunum.

Í tilkynningum til Fiskistofu skal koma fram skipaskrárnúmer skips, nafn þess og einkennisstafir, nafn skipstjóra og númer veiðiferðar á síldarvertíðinni.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt þessari grein eða rangar tilkynningar varða fyrirvaralausri leyfissviptingu auk viðurlaga samkvæmt 7. gr.

6. gr.

Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávaraflla. Óheimilt er að landa óvigtuðum afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip. Heimilt er þó skipum, sem leyfi hafa til síldveiða og slíkar veiðar stunda að miðla afla milli sín í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Þá er og heimilt á grundvelli 19. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. mars 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum vestan megin á Heiðarvegi frá Kirkjuvegi að Höfðavegi.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 12. mars 1997.

Georg Kr. Lárusson.